Umsögn WomenTechIceland um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

Til: Dómsmálaráðuneytisins
Frá: WomenTechIceland
Dagsetning: 16.nóvember, 2026

Inngangur

WomenTechIceland eru frjáls félagasamtök sem vinna að því að auka hlut kvenna í íslenska tæknigeiranum. Við viljum koma sjónarmiðum okkar á framfæri varðandi drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt.

Við skiljum að stjórnvöld vilji skýrar reglur um grunnframfærslu á meðan sótt er um dvalarleyfi eða ríkisborgararétt, en að okkar mati ganga drögin of langt. Í þeim er lagt til að grunnfjárhæð framfærslu verði 501.186 krónur, sem er margföldun á núverandi viðmiði. Kröfurnar eru óraunhæfar, ósanngjarnar og munu markvisst byggja upp múra og hindra að hér geti sest að fólk sem mun auka verðmætasköpun hér á landi. Auk þess munu breytingarnar bitna harðar á konum en körlum, og draga úr tækifærum fólks sem býr hér, vinnur hér fulla vinnu og leggur sitt af mörkum. Og þær eru ekki lagðar á fólk á jafnræðisgrundvelli, þar sem fólk sem á meira milli handanna mun eiga auðveldari leið að dvalarleyfi og ríkisborgararétti en fólk sem vinnur fulla vinnu í láglaunastarfi.

Við þekkjum persónulega mörg dæmi um fólk sem eru meðlimir í WomenTechIceland sem myndi ekki uppfylla þessi viðmið, þrátt fyrir að vinna hér fulla vinnu og leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Það segir margt um hversu óraunhæf viðmiðin eru þegar einstaklingar sem vinna fulla vinnu ná ekki að uppfylla þau.

Áhrif á konur

Sambúðarfólk nýtur engrar viðurkenningar

Sambúð er útbreitt og lögformlega viðurkennt fjölskylduform á Íslandi. Samkvæmt drögunum bera ógiftir makar enga gagnkvæma framfærsluskyldu heldur þarf hvor um sig að sanna tekjur

sínar sjálfstætt. Þetta bitnar helst á þeim einstaklingi sem þénar minna sem oftast er konan í gagnkynja hjónaböndum.

Fæðingarorlof og hlé á starfsferli

Greiðslur í fæðingarorlofi teljast aðeins með á meðan þær vara. Tímabil þar sem tekjur eru undir viðmiði mega almennt ekki vera lengri en þrír mánuðir. Þetta refsar mæðrum sem snúa aftur í hlutastarf, skipta um starf eftir orlof eða taka sér tíma til að annast ung börn.

Hvert barn hækkar þröskuldinn

Fyrir hvert barn á heimilinu hækkar krafan um 0,3 sinnum grunnfjárhæð. Það gildir um öll börn á heimilinu, ekki aðeins þau sem tilgreind eru í umsókninni. Einstæðar mæður og barnmargar fjölskyldur munu því koma til með að bera þyngstu byrðina.

Launamunur kynjanna og hlutastörf

Konur á Íslandi þéna enn að meðaltali minna en karlar og eru oftar í hlutastarfi. Föst tekjumörk útiloka því hlutfallslega fleiri konur en karla.

Við óskum eftir því að gert verði mat á áhrifum reglugerðarinnar á kynin áður en hún er samþykkt.

Áhrif á tæknigeirann og nýsköpun

Stofnendur og sjálfstætt starfandi

Umsækjendur um ríkisborgararétt þurfa að sýna fram á staðfest skattframtöl þriggja ára og samfellda sögu um að hafa séð fyrir sér sjálfir. Tekjur stofnenda sprotafyrirtækja og sjálfstætt starfandi fólks sveiflast. Þau geta staðið traustum fótum fjárhagslega yfir árið en samt fallið á mánaðarlegu mati. Tekjur ættu að vera metnar sem meðaltal yfir tímabil, ekki mánuð fyrir mánuð.

Námsmenn og doktorsnemar

Viðmið fyrir nemendur og doktorsnema við íslenska háskóla er 0,75 sinnum grunnfjárhæð. Það er hindrun fyrir næstu kynslóð kvenna í raunvísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði, þar sem konur eru nú þegar í minnihluta.

Að halda í hæft starfsfólk

Ísland keppir á alþjóðavettvangi um hæft starfsfólk í tæknigeiranum. Eitt af því sem gerir Ísland samkeppnishæft er orðspor landsins í jafnréttismálum. Reglur sem gera mökum og fjölskyldum

sérfræðinga erfiðara fyrir að setjast hér að grafa undan möguleikum landsins á að laða að sér og halda í hæft starfsfólk.

Heimild til afturköllunar dvalarleyfis

Samkvæmt 9. gr. draganna má afturkalla leyfi ef útlendingur uppfyllir ekki lengur skilyrði um framfærslu. Þetta eykur líkur á að fólk festist í störfum sem það getur ekki yfirgefið og missi þannig frelsið til að skipta um vinnuveitanda, stofna fyrirtæki eða sækja sér nýja menntun. Slíkt er óásættanlegt og andstætt venjum og áherslum á íslenskum vinnumarkaði.

Tillögur WomenTechIceland

1. Hætt verði við að tengja framfærslu við þær fjárhæðir sem nefndar eru í 4. gr. eða þær endurskoðaðar verulega.
2. Sambúðarfólk verði viðurkennt til jafns við hjón við mat á framfærslu.
3. Fæðingarorlof og hlé vegna umönnunar ungra barna leiði ekki til þess að skilyrði teljist óuppfyllt.
4. Hærri kröfur um framfærslu vegna barna verði endurskoðaðar svo þær bitni ekki á einstæðum foreldrum og barnmörgum fjölskyldum.
5. Tekjur verði metnar sem meðaltal yfir lengra tímabil, ekki mánaðarlega.
6. Viðmið fyrir námsmenn og doktorsnema verði lækkað.
7. Heimild til afturköllunar í 9. gr. verði þrengd svo fólk geti skipt um starf, stofnað fyrirtæki eða sótt sér menntun án þess að missa dvalarleyfi.
8. Gert verði mat á áhrifum reglugerðarinnar á kynin áður en hún tekur gildi.

Lokaorð

Ísland hefur byggt upp sterkt orðspor sem land jafnréttis og nýsköpunar. Þessi drög ganga gegn hvoru tveggja. Við hvetjum ráðuneytið til að endurskoða þau og erum reiðubúin til samtals.

Fyrir hönd stjórnar WomenTechIceland,

Ólöf Kristjánsdóttir
Stjórnarformaður